

Nd.

876. Breytingartillögur

[249. mál]

við frv. til l. um listmunauppböð o.fl.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „bækur og frímerki“ í lok 1. mgr. komi: bækur, frímerki og aðra muni sem söfnunargildi hafa.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „halda opið eða lokað uppböð“ í 1. másl. komi: halda lokað uppböð.
3. Við 3. gr.
 - a. Fyrri málsgrein falli brott.
 - b. Í stað orðanna „Söluskatt skal þó ekki leggja á“ í 1. másl. síðari málsgreinar komi: Sölugjald skal ekki leggja á.
 - c. Í stað orðanna „rennur það í starfslaunasjóð myndlistarmanna“ í 2. másl. síðari málsgreinar komi: rennur það til starfslauna handa myndlistarmönnum.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Leyfishafar skulu kynna uppböðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir í upphafi uppböðs.

Í uppböðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggist ofan á söluverð, greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, og því hvenær ábyrgð á seldum mun flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Kaupandi uppböðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á seldum mun nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Pegar uppböð er opið skulu munir vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma sé þess kostur.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Brot á lögum þessum varða sektum nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.